



## Reglur um verklag í tengslum við birtingu fjárhagslegra gagna á heimasíðu Akraneskaupstaðar í gegnum lausnina Opið bókhald.

---

### 1.gr.

#### *Markmið og skýringar.*

Með opnun bókhalds Akraneskaupstaður í gegnum lausnina Power BI er verið að auka aðgengi að fjárhagsupplýsingum um rekstur Akraneskaupstaðar og skýra á einfaldan og myndrænan hátt ráðstöfun fjármuna sveitarfélagsins. Markmið reglnanna er að tryggja að koma í veg fyrir birtingu persónugreinanlegra gagna í Opnu bókhaldi Akraneskaupstaðar.

Í þessu verkefni er sérstaklega hugað að persónuvernd og þeim upplýsingum sem gætu haft skaðleg áhrif með birtingu. Í þeim efnum hafa verið settar upp sérstakar síur til að tryggja að viðkvæmar upplýsingar birtist ekki sem nánar er gerð grein fyrir í 2. gr. þessara reglna.

### 2. gr.

#### *Vinnsla gagna.*

Gögn eru sótt úr fjárhagsbókhaldi bæjarins og afrituð í sérstakan vinnslugrunn þar sem afstemming gagna og afmáning persónuauðkenna fer fram. Gögnin eru afrituð úr vinnslugrunninum í sérstakan útgáfugrunn þar sem persónugreinanleg einkenni eru afmáð og reglur um síur er framfylt. Öll vinna fer fram á starfstöð Akraneskaupstaðar til að tryggja öryggi við meðferð persónulegra upplýsinga.

Nánari útskýringar um hvert ferli er að finna í MÁP, mat á áhrifum um persónuvernd um opnun bókhaldsins.

### 3. gr.

#### *Lánadrottnar.*

Í Opnu bókhaldi eru einungis birtar upplýsingar um lánadrottna Akraneskaupstaðar sem teljast lögaðilar. Ekki eru til birtingar upplýsingar um t.d. launagreiðslur og greiðslur á bótum og styrkjum félagslegra úrræða.

### 4. gr.

#### *Prófanir.*

Prófanir skal framkvæma áður en ný útgáfa er birt og staðfest af fjármálastjóra.

Prófanir skulu fylgja fyrirfram skilgreindum og skriflegum prófanalýsingum sem fjármálastjóri ákvarðar hverju sinni. Prófanir skulu staðfesta hvort gögn standist áreiðanleika og virkni með hliðsjón af þeim síum sem hafa verið ákvarðaðar í Opnu bókhaldi.

Prófanir eru á ábyrgð fjármálastjóra og skal niðurstaða prófana geymd í málakerfi Akraneskaupstaðar.

### 5. gr.

#### *Birting gagna.*

Kerfisstjóri Akraneskaupstaðar framkvæmir birtingu gagna á opnu bókhaldi að undangengnum prófunum. Birting gagna skal aldrei fara fram fyrr en niðurstaða prófana liggur fyrir og staðfesting fjármálastjóra um að prófanir hafi staðist.

Uppfærslur á Opnu bókhaldi er framkvæmdar við ársfjórðungsskipti. Ársfjórðungar eru birtir eigi síðar en 3 mánuðum eftir að þeim líkur.

**6. gr.**

*Öryggisráðstafanir.*

Gögn sem send eru til birtingar innihalda ekki persónugreinanleg gögn og hafa staðist allar prófanir um þær girðingar sem hafa verið settar óháð því hvort þau séu hluti af myndrænni birtingu eða ekki.

Gagnagrunnsheimildir er notast er við birtingu hafa einungis heimild að þeim gögnum sem hafa staðist prófanir.

Verði öryggisbrot í Opna bókhaldinu skal fara eftir verklagi sem nánar er tilgreint í MÁP, mat á áhrifum um persónuvernd um opnun bókhaldsins og vinnslusamningi milli aðila.

Samþykkt í bæjarráði Akraness 28. nóvember 2019

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,  
  
Sævar Freyr Þráinsson  
bæjarstjóri